

Hjallatún, hjúkrunar- og dvalarheimili, Vík í Mýrdal

Niðurstöður úttektar á starfsemi
hjúkrunarheimilisins í ágúst 2012

September 2012



Inngangur

Samkvæmt lögum nr. 41/2007 hefur Embætti landlæknis faglegt eftirlit með starfsemi heilbrigðisstofnana og starfi heilbrigðisstétta. Jafnframt er Landlæknir ráðunautur ráðherra og ríkisstjórnar varðandi heilbrigðismál. Undir eftirlit Landlæknis heyra rúmlega tvö þúsund rekstrareiningar.

Embætti landlæknis notar margvíslegar leiðir til að sinna þessum lagaákvæðum og styðst m.a. við gæðaviðmið Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar. Með eftirlitsstarfi sínu hefur embættið að leiðarljósi að árangursríkasta leiðin til að bæta gæði og öryggi heilbrigðisþjónustu er að efla samstarf og samráð við stjórnendur og starfsfólk heilbrigðisstofnana.

Aðferðir

Í ágúst 2012 gerði Embætti landlæknis úttekt á hjúkrunarheimilinu Hjallatúni, Vík í Mýrdal. Fyrir úttektina var leitað eftir ákveðnum upplýsingum frá framkvæmdastjórn heimilisins um þætti er varða þjónustu, húsnæði og aðbúnað, mannauðsmál, gæðamál, lyfjamál, skráningu, atvik og öryggismál. Spurningalisti var í því skyni sendur í Hjallatún og bárust svör við þeim spurningum um miðjan ágúst síðastliðinn. Athugað var hvort kvartanir hefðu borist embættinu varðandi þjónustu heimilisins á síðastliðnu ári en svo reyndist ekki vera. Þá voru niðurstöður úr RAI mati skoðaðar.

Fulltrúar Embættis landlæknis; Anna Björg Aradóttir sviðsstjóri, Laura Sch. Thorsteinsson hjúkrunarfræðingur/verkefnisstjóri og Sigríður Egilsdóttir hjúkrunarfræðingur/verkefnisstjóri fóru í úttektarheimsókn þann 28. ágúst 2012. Fundað var með með Guðlaugu Guðmundsdóttur hjúkrunarforstjóra, Helgu Þorbergsdóttur hjúkrunarstjóra á heilsugæslustöð Víkur og Helgu Halldórsdóttur úr rekstrarnefnd Hjallatúns og farið yfir ýmis gögn sem tengdust úttektinni.

Meginniðurstöður

Notendamiðuð þjónusta – hugmyndafræði og stefna

Skrifleg hugmyndafræði hjúkrunar í Hjallatúni liggur ekki fyrir. Að sögn hjúkrunarforstjóra er unnið eftir þeirri hugmyndafræði að stofnunin sé heimili íbúanna og að þeim sé gert kleift eftir fremsta megni að halda reisu sinni, virðingu og sjálfræði. Áhersla er lögð á að skapa heimilislegt andrúmsloft þar sem leitast er við að sinna þörfum hvers og eins íbúa eftir því sem tæk eru á. Reynt hefur verið að styðjast við það hentugasta úr nýjum stefnum svo sem Eden hugmyndafræði og Lev og bo.

Við komu á heimilið fá nýir íbúar og/eða aðstandendur munnlegar upplýsingar um helstu þætti er varða starfsemi og þjónustu heimilisins. Ekki eru haldnir reglulegir fjölskyldufundir í Hjallatúni heldur eftir þörfum á hverjum tíma en leitast er við að hafa góð samskipti við aðstandendur og gott aðgengi er að hjúkrunarforstjóra og öðrum starfsmönnum heimilisins.

Þjónustubættir

Hjúkrun og umönnun

Íbúum Hjallatúns er tryggð hjúkrunar- og umönnunarþjónusta allan sólarhringinn og er hjúkrunarfræðingur ábyrgur fyrir hverri vakt. Við komu íbúa á heimilið fer fram upplýsingasöfnun sem geymd er í sjúkraskrá viðkomandi. Íbúar í Hjallatúni hafa ekki skilgreindan hjúkrunarfræðing eða umönnunaraðila enda heimilið lítið, einungis 12 íbúar í hjúkrunarrýmum. Við hjúkrun íbúa sem þurfa á líknandi meðferð að halda er stuðst við leiðbeiningar um líknandi meðferð frá Landspítalanum. Við andlát er farið eftir ákveðnum verklagsreglum sem byggja á *Leiðbeiningum við andlát* sem gefnar voru út á vegum Embættis landlæknis.

Læknisþjónusta

Læknir heilsugæslustöðvarinnar í Vík er jafnframt læknir Hjallatúns og fylgist hann reglulega með heilsufari íbúa heimilisins. Ekki er alltaf gerð sérstök lækni skoðun við komu á heimilið; íbúar sem flytja í Hjallatún eru langflestir með sama heimilislækni þar og fyrir komu á heimilið og þekkir læknirinn ástand íbúa við flutning. Meðferð á

heimilinu er ákveðin af lækni og hjúkrunarforstjóra í samráði við íbúa og/eða aðstandendur. Íbúar halda í flestum tilfellum sínum tannlækni og læknir hjúkrunarheimilisins ávísar tilvísunum til sérfræðilækna eftir þörfum hverju sinni.

Þjálfun, virkni og sálgæsla

Í Hjallatúni er hvorki starfandi sjúkraþjálfari né iðjuþjálfari og ekki tæki né aðstaða til þjálfunar. Starfsfólk heimilisins reynir að gera æfingar daglega með íbúum heimilisins og sjá um hreyfingu en það er mat hjúkrunarforstjóra að mikil þörf sé á að sérhæfður þjálfari sinni slíku. Aðstaða fyrir félags- og tómstundaiðju er fremur bágborin þar sem húsnæðið býður ekki upp á slíkt en starfsmenn heimilisins sjá um að skipuleggja tómstundastarf hálfan dag 2svar í viku reglulega í sameiginlegri dagstofu heimilisins. Sóknarprestur Víkurprestakalls sinnir ásamt hjúkrunarforstjóra og lækni sálgæslu á heimilinu og sóknarprestur sér um helgihald þar.

Fæði/mötuneyti

Í Hjallatúni er starfandi matráður með menntun í næringarfræði og sér hann ásamt aðstoðarmönnum um matseld og samsetningu matseðla. Eldhús heimilisins sér einnig um matseld fyrir leikskólann og grunnskólann í Vík. Lögð er áhersla á að íbúar fái hollt fæði sem tekur mið af ráðleggingum Embættis landlæknis og þeir íbúar sem á þurfa að halda fá sér fæði og sjúkrasér fæði. Aðstandendur geta borðað með íbúum ef þeir óska eftir því og ekki er óalgengt að eldra fólk utan úr bæ komi í mat á heimilinu.

Önnur þjónusta

Íbúar Hjallatúns hafa aðgang að hársnyrtingu og fót snyrtingu gegn greiðslu og kemur fagfólk á heimilið til að veita þessa þjónustu. Allur þvottur er þvegin á heimilinu.

Húsnæði og aðbúnaður

Alls eru 12 íbúar í hjúkrunarrýmum í Hjallatúni sem allir búa í einbýlum og eru flestir með einkasalerni en deila baðaðstöðu. Húsnæði heimilisins er barn síns tíma, innréttingar og húsgögn lúin og þarfnast endurnýjunar. Herbergi íbúa eru lítil og vandkvæðum bundið að nota stærri hjálpartæki og þar af leiðandi getur verið erfitt að sinna hjúkrun íbúa. Þá eru vistarverur fyrir íbúa á neðri hæð heimilisins sem er óhentugt þar sem erfitt að hafa yfirsýn. Þar sem herbergi íbúa eru lítil er takmörkuð

aðstaða fyrir íbúa að hafa hjá sér persónulega muni og húsgögn og að taka á móti gestum en aðstaða er í setustofu og garðstofu heimilisins ef um marga gesti er að ræða. Aðstaða utanhúss býður lítt upp á útiveru íbúa.

Ávallt er tekið tillit til athugasemda frá Vinnueftirliti og Heilbrigðiseftirliti þegar þær hafa borist og reynt að finna lausnir miðað við aðstæður.

Mannauðsmál

Mönnun

Ekki hefur verið unnt að styðjast við viðurkennda staðla/viðmið í tengslum við mönnun heimilisins. Að sögn framkvæmdastjórnar er mönnun haldið í lágmarki af fjárhagslegum ástæðum og erfiðlega hefur gengið að fá fólk til starfa í Hjallatún, bæði fagfólk og fólk í ræstingar. Núna starfa tveir hjúkrunarfræðingar við heimilið, einn félagsliði og einn sjúkraliði, annað starfsfólk við umönnun er ófaglært. Alla virka daga er hjúkrunarfræðingur ásamt öðrum starfsmönnum á morgunvakt. Á kvöldin, um helgar og á nóttunni er hjúkrunarfræðingur á bakvakt. Að mati hjúkrunarforstjóra er starfsandi á heimilinu mjög góður og starfsfólk tekur almennt þátt í að leysa þau vandamál sem upp koma.

Ráðningaferli/starfsleyfi

Starfsmenn sem hefja störf í Hjallatúni þurfa að framvísa gildu starfsleyfi ef um löggilta heilbrigðisstétt er að ræða. Allir starfsmenn undirrita þagnarskylduheit um leið og þeir skrifa undir starfssamning.

Nýir starfsmenn fá upplýsingar og leiðsögn hjá reyndum starfsmanni, oftast 4 - 6 vaktir í aðlögun ef um umönnunarstarf er að ræða

Heildarstarfsmannavelta Hjallatúns árið 2011 var 18% og heildartíðni veikinda starfsmanna var 11%, þar með talin langtíma veikindi.

Starfsfólki heimilisins er boðið upp á influensubólusetningu og það hvatt til að láta bólusetja sig.

Gæðamál og ýmsir faglegir þættir

Hjúkrunarforstjóri Hjallatúns ber ábyrgð á RAI skráningu sem og annarri hjúkrunarskráningu og fylgist reglulega með niðurstöðum úr RAI mati. Gæðahandbók er ekki fyrir hendi en að sögn hjúkrunarforstjóra er verið að vinna að gerð hennar en verklagsreglur varðandi ýmsa þætti hjúkrunar og umönnunar eru til í möppum.

Skjalfest stefna varðandi gæði, starfsmannamál, lyfjamál og umhverfis- og öryggismál liggur ekki fyrir í heild sinni. En eins og fram kemur hér að framan þá er áhersla lögð á að skapa heimilislegt andrúmsloft og leitast við að sinna þörfum hvers og eins íbúa eftir því sem tæk eru á.

Ákveðnar verklagsreglur varðandi sýkingar og sýkingavarnir, svo sem handþvott, eru ekki til á skriflegu formi en reglulega er farið yfir þessa þætti á starfsmannafundum. Ekki er vitað til að neinar sýkingar hafi komið upp á heimilinu síðustu árin. Reglulega er boðið upp á fræðslu og þjálfun í skyndihjálpi í samstarfi við Rauða krossinn.

Lyfjamál

Lyf íbúa eru skömmtuð frá Lyfjaveri og hafa starfsmenn við umönnun ásamt hjúkrunarfræðingum aðgang að lyfjarúllum íbúa og gefa lyf á ábyrgð hjúkrunarfræðings. Hjúkrunarfræðingar hafa einir aðgang að læstum lyfjaskáp og sjá um pöntun og móttöku lyfja. Til eru skriflegar reglur varðandi lyfjagjafir. Lyfjagjafir eru skráðar á þar til gerð lyfjablöð sem geymd eru í sjúkraskrá íbúa. Lyfjafyrirmæli eru ávallt gefin af lækni og lyf ekki gefin án fyrirmæla. Hvorki er starfandi lyfjafræðingur né lyfjanefnd við heimilið en lyfjaþjónusta er útvistuð með samþykki Lyfjastofnunar. Reynt er að fylgjast reglulega með lyfjagæðavísunum sem Embætti landlæknis hefur mælt með.

Skráning

Í úttekt Embættis landlæknis voru sjúkra- og hjúkrunarskrár valdar af handahófi af hjúkrunardeild heimilisins og þær skoðaðar. Sjúkraskrár eru ekki á rafrænu formi og er því ekki um kóðun að ræða. Læknisfræðileg skráning er gerð samkvæmt ICD-10

flokkunarkerfinu og er á ábyrgð læknis heimilisins. Sjúkraskrár eru ágætlega skipulagðar og auðvelt að finna pappíra og upplýsingar varðandi læknisverk og rannsóknarniðurstöður. Íbúar og/eða aðstandendur hafa aðgang að sjúkraskrár sem þess óskað.

Við skráningu hjúkrunar er ekki stuðst við ákveðin flokkunarkerfi og ekki eru gerðar hjúkrunargreiningar. Hins vegar er ágætis upplýsingaskráning við komu í hjúkrunarmöppu íbúa þar sem einnig eru skráðar hjúkrunarþarfir hvers og eins ásamt ágætis dagálum. Þá eru skráðar ákveðnar upplýsingar og leiðbeiningar varðandi umönnun hvers íbúa sem eru geymdar í ákveðnum möppum. Einnig er framvinda skráð af starfsfólki sem annast íbúa.

Atvik /kvartanir

Atvikaskráning er á ábyrgð hjúkrunarfræðinga og reglulega er farið yfir þessi mál á starfsmannafundum og starfsfólki leiðbeint með hvernig bregðast eigi við atvikum ef þau koma upp. Atvik, svo sem byltur, eru skráðar í þar til gerða möppu. Ekki voru skráð nein alvarleg atvik á síðasta ári.

Ekki er til skrifleg verklagsregla hvað á að gera þegar heimilinu berst kvörtun vegna þjónustu eða samskipta.

Öryggismál

Til er rýmingaráætlun fyrir heimilið og brunavarnakerfi er í húsinu en ekki hafa verið haldnar reglulegar brunaæfingar en að sögn hjúkrunarforstjóra stendur til að bæta úr því núna í haust (2012).

Öryggisútbúnaður við umönnun er einungis notaður til að tryggja öryggi íbúa en ekki eru til eyðublöð fyrir upplýst samþykki ef notuð eru höft eða öryggisútbúnaður.

RAI mat

Hjúkrunarforstjóri ber ábyrgð á skráningu RAI mats. Niðurstöður úr RAI mati eru að sögn skoðaðar og þá einkum gæðavísar. En ekki er að sjá í pappírnum íbúa að

niðurstöður RAI mats séu nýttar á einstaklingsgrunni svo sem við gerð hjúkrunargreininga.

RAI gæðavísar eru 20 talsins og þegar gæðavísar Hjallatúns eru skoðaðir frá síðustu þremur matstímabilum kemur í ljós að langflestir gæðavísar eru í góðu lagi, þó er lyfjanotkun fyrir ofan efri viðmiðunarmörk og stöðug notkun róandi lyfja og svefnlyfja á mörkum efri viðmiðunarmarka. En í heild er greinilegt að lögð hefur verið vinna í að skoða gæði þjónustunnar og hefur hjúkrunarforstjóri útbúið sérstakt blað með útkomu gæðavísa þar sem sýnt er á mjög sjónrænan hátt hvernig gæðavísar heimilisins koma út.

Samantekt og tillögur til úrbóta

Mönnun

Mönnun fagfólks; hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða við umönnun er á mörkum þess að vera ásættanleg en Embætti landlæknis telur að fullnægjandi hjúkrun á hjúkrunarheimili verði fyrst og fremst tryggð með videigandi mönnun.

Flutningur íbúa á heimilið

Verklag við inntöku íbúa á heimilið virðist í góðu lagi en huga mætti að því að afhenda íbúa og/eða aðstandendum skriflegar upplýsingar varðandi hjúkrun og aðra þjónustu heimilisins.

Þjálfun/virkni og sálgæsla

Aðstaða til virkni og félagsstarfs er fátækleg. Hvorki er starfandi sjúkraþjálfari né iðjuþjálfari við heimilið.

Fæði og mötuneyti

Í góðu lagi.

Húsnæði og aðstaða

Húsnæðið þarfnast endurnýjunar og fullnægir ekki skilyrðum sem gerð eru um hjúkrunarheimili í dag.

Öryggi og eftirlit

Embætti landlæknis hvetur til þess að hugað verði að umbótum varðandi ákveðna þætti öryggismála, sérstaklega með tilliti til hönnunar húsnæðisins.

Gæðastarf

Gæðahandbók er ekki fyrir hendi en til eru útprentaðar verklagsreglur varðandi einhverja þætti hjúkrunar/umönnunar og vinna er í gangi við gerð gæðahandbókar.

Atvik /kvartanir

Atvik eru skráð í atvikaskrá sem er aðgengileg öllu starfsfólki og til eru leiðbeiningar um hvernig bregðast skuli við atvikum sem verða á heimilinu. Ávallt er skráð um hvers konar atvik er að ræða.

Sjúkrarskrár

Vel skipulagðar og í góðu lagi.

Hjúkrunarskrár

Hjúkrunarskráning er í ágætis lagi.

RAI skráning

RAI skráning í góðu lagi.

Lyfjamál

Í góðu lagi. Lyfjafyrirmæli eru ávallt gefin af lækni og lyf ekki gefin án fyrirmæla. Lyfjaþjónusta Hjallatúns er útvistuð með samþykki Lyfjastofnunar.

Almennt um hjúkrunarheimilið

Augljóst er að starfsfólk lætur sér annt um vellíðan og velferð íbúanna í Hjallatúni þrátt fyrir manneklu og erfið starfsskilyrði. Að öðru leyti vísast í það sem segir hér að framan um öryggi og aðstöðu íbúa.

Embætti landlæknis þakkar fyrir góða samvinnu við gerð úttektarinnar og væntir þess að niðurstöður hennar nýtist í umbótastarfi.